

19. febrúar 1976.

45

Nr. 40.

REGLUGERÐ um skráningu ökutækja.

1. gr.

Skráningarskyld vélknúin ökutæki eru þessi:

- a. bifreiðar
- b. bifhjól
- c. dráttarvélar
- d. létt bifhjól

Enn fremur eru tengivagnar og festivagnar, sem eru 500 kg að eigin þyngd eða meira, skráningarskyld ökutæki.

2. gr.

Áður en skráningarskyld ökutæki er tekið í notkun skal eigandi þess eða umráðamaður senda lögreglustjóra þess umdæmis, sem hann er búsettur í, tilkynningu um ökutækið.

Fullnægi ökutækið settum reglum skráir lögreglustjóri það í ökutækjaskrá. Jafnframt skulu sett á það skráningarmerki.

3. gr.

Nú verða eigendaskipti að skráðu ökutæki, og skal þá bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi innan hálfis mánaðar tilkynna það lögreglustjóra í því umdæmi, sem ökutækið er skráð í. Ef nýi eigandinn er búsettur í öðru umdæmi, skal hann jafnframt tilkynna lögreglustjóra þar eigendaskiptin, og skal ökutækið þá skráð að nýju, en afskráð í umdæminu, sem það fluttist frá.

Nú flyst eigandi ökutækis búferlum með ökutæki sitt í annað lögsagnarumdæmi, og skal hann þá innan hálfis mánaðar senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna. Skal ökutækið þá afskráð í umdæmi því, er það fluttist frá, en skráð að nýju í umdæmi því, sem það flyst í og fá þar ný skráningarmerki. Ef aðeins er um að ræða 6 mánaða eða skemmri dvöl í öðru umdæmi, er umskráning ekki nauðsynleg.

Heimilt er lögreglustjóra að umskrá ökutæki að ósk eiganda við eigendaskipti, þótt eigi sé um að ræða flutning ökutækis í annað lögsagnarumdæmi. Enn fremur er lögreglustjóra heimilt að umskrá ökutæki, þannig að umdæmistala flytjist á annað ökutæki í eigu sama aðila.

4. gr.

Fyrir skráningu og umskráningu ökutækis, svo og skráningu eigendaskipta að ökutæki, skal greiða gjald til ríkissjóðs samkvæmt reglugerð um aukatekjur ríkissjóðs. Lögreglustjórar annast innheimtu gjaldsins.

5. gr.

Lögreglustjórar halda skrá yfir skráningarskyld ökutæki, hver í sínu umdæmi. Halda skal sérstaka skrá fyrir hvern flokk skráningarskyldra ökutækja. Bifreiðar og bifhjól skulu þó færð á sömu skrá.

Bifreiðaeftirlit ríkisins heldur skrá yfir öll skráningarskyld ökutæki.

6. gr.

Hverju skráðu ökutæki skal ávallt fylgja skráningarskírteini, er lögreglustjóri eða bifreiðaeftirlitsmaður eftir ákvörðun og í umboði lögreglustjóra gefur út. Dómsmálaráðuneytið ákveður gerð skráningarskírteina.

7. gr.

Eiganda eða umráðamanni skráðs ökutækis er skylt að tilkynna lögreglustjóra innan hálf mánaðar, ef ökutæki er breytt frá því, sem greinir í skráningarskírteini. Nú er breyting þess eðlis, að í bensínbifreið er settur hreyfill, er notar annað eldsneyti en bensín, og skal það þá tilkynnt lögreglustjóra jafnskjótt og breyting kemur til framkvæmda.

Nú er breyting á ökutæki í samræmi við settar reglur, og skráir lögreglustjóri hana þá í ökutækjaskrá og á skráningarskírteini.

8. gr.

Tilkynningar, sem um ræðir í 2., 3. og 7. gr., skulu skráðar á eyðublöð, sem lögreglustjórar láta í té. Eyðublöðin skulu gerð eftir fyriræmum dómsmálaráðuneytisins.

9. gr.

Á hverju skráningarskyldu vélknúnu ökutæki skulu vera tvö skráningarmerki, að framan og að aftan.

Á hverjum skráningarskyldum tengi- eða festivagni skal vera skráningarmerki að aftan. Auk þess skal vagninn auðkenndur að aftan umdæmistölu dráttartækis.

10. gr.

Skráningarmerki skulu auðkennd með bókstaf fyrir hvert lögsagnarumdæmi. auk skráningarnúmers aftan við bókstafinn.

Umdæmisbókstafir eru þessir:

A Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsýsla, Dalvíkurkaupstaður.

B Barðastrandarsýslur.

D Dalasýsla.

E Akraneskaupstaður.

F Siglufjarðarkaupstaður.

G Hafnarfjarðarkaupstaður, Kjósarsýsla, Garðakaupstaður, Seltjarnarneskaupstaður.

H Húnavatnssýslur.

Í Ísafjarðarkaupstaður, Ísafjarðarsýslur, Bolungarvíkurkaupstaður.

J Keflavíkurflugvöllur.

K Sauðárkrókskaupstaður, Skagafjarðarsýsla.

L Rangárvallasýsla.

M Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla.

N Neskaupstaður.

- Ó Ólafsfjarðarkaupstaður.
- P Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.
- R Reykjavík.
- S Seyðisfjarðarkaupstaður, Norður-Múlasýsla.
- T Strandasýsla.
- U Eskifjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla.
- V Vestmannaeyjakaupstaður.
- X Árnessýsla.
- Y Kópavogskaupstaður.
- Z Skaftafellssýslur.
- Þ Húsavíkurkaupstaður, Þingeyjarsýslur.
- Ö Keflavíkurkaupstaður, Gullbringusýsla, Grindavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður.

11. gr.

Skráningarmerki bifreiða skulu vera réttthyrnd, aflöng spjöld, 130 mm á hæð. Stafir skulu vera með steinskrift, þrykktir í spjaldið. Rönd skal vera á brúnum, 5 mm breið, þrykkt á sama hátt. Stafirnir og röndin skulu vera fægð og bera lit málmssins, en grunnur með svartri, gljállausri málningu. Stafir skulu vera 90 mm á hæð, 55 mm á breidd og breidd stafleggja 15 mm. Bil milli tölustafa skal vera 10 mm, en bil milli bókstafs og tölustafa 30 mm.

Á stafi og rönd skráningarmerkis er heimilt að setja hvítt glitefni af gerð, sem Bifreiðaeftirlit ríkisins viðurkennir.

12. gr.

Skráningarmerki bifhjóla skulu vera réttthyrnd með hvítum glituðum stöfum á svörtum grunn, 90 mm á hæð, en hæð stafa 45 mm. Þegar skráningarnúmer er fimm tölustafa, er heimilt að hafa umdæmisbókstaf fyrir miðju ofan við tölustafi.

13. gr.

Skráningarmerki dráttarvéla skulu vera réttthyrnd með rauðum stöfum á hvítum, glituðum grunn, 80 mm á hæð, en hæð stafa 50 mm. Aftan við umdæmisbókstaf skal standa bókstafurinn d, 35 mm á hæð.

14. gr.

Skráningarmerki léttra bifhjóla skulu vera réttthyrnd með hvítum, glituðum stöfum á rauðum grunn, 70 mm á hæð, en hæð stafa 45 mm.

15. gr.

Skráningarmerki tengivagna og festivagna, sem eru 500 kg að eigin þyngd eða meira, skulu vera af sömu gerð og skráningarmerki bifreiða. Aftan við umdæmisbókstaf skal standa bókstafurinn T, 45 mm á hæð.

16. gr.

Ökutæki embættis forseta Íslands skulu í stað skráningarmerkis auðkennd merki forseta Íslands á hvítum fleti, auk skráningarnúmers.

17. gr.

Á leigubifreiðum til fólksflutninga, allt að 8 farþega, skal vera merki með bókstafnum L, svörtum að lit á gulum, glituðum grunn. Merkið skal vera réttthyrnt, 100

mm á hæð og 85 mm á breidd, en stafurinn 45 mm á hæð. Merkinu skal komið fyrir annað hvort aftan við skráningarmerki bifreiðarinnar eða fyrir miðju þess að ofan eða neðan.

18. gr.

Á bifreiðum, sem teljast til sendibifreiða samkvæmt tollskrá, skal vera merki með bókstafnum S, rauðum að lit á hvítum, glituðum grunni. Merkið skal vera rétt-hyrnt, 100 mm á hæð og 85 mm á breidd, en stafurinn 45 mm á hæð. Merkinu skal komið fyrir annað hvort aftan við skráningarmerki bifreiðarinnar eða fyrir miðju þess að ofan eða neðan.

Merki þetta skal vera á sendibifreið meðan á henni hvílir kvöð, sem á er lögð samkvæmt reglum um tollmeðferð sendibifreiða.

19. gr.

Heimilt er að auðkenna ökutæki að aftan íslensku þjóðernismerki. Skráningar-skylt ökutæki, sem farið er með úr landi, skal búið þjóðernismerki að aftan.

Þjóðernismerki er sporöskjulagað merki. 115 mm á hæð og 175 mm á breidd, með bókstöfunum ÍS. Grunnur merkisins skal vera hvítur og bókstafir svartir. 80 mm á hæð.

20. gr.

Heimilt er að auðkenna ökutæki erlendra sendierindreka hér á landi með svörtu sporöskjulaga merki með bókstöfunum CD, hvítum að lit.

21. gr.

Lögreglustjóri getur í einstökum tilfellum heimilað akstur óskráðra bifreiða og bifhjóla. Þegar svo stendur á skal nota bráðabirgðaskráningarmerki, sem eru eins og venjuleg skráningarmerki að öðru leyti en því, að grunnur skal vera rauður.

Bráðabirgðaskráningarmerki má einungis nota við flutning ökutækisins, við reynsluakstur, kynningarstarfsemi og í sambandi við skráningu. Ökutæki með bráðabirgðaskráningarmerki má að jafnaði eigi nota til flutnings farþega eða farms. Bráðabirgðaskráningarmerki má eigi nota lengur á sama ökutæki en tvær vikur og einungis innan sama umdæmis, nema sérstakt leyfi lögreglustjóra komi til.

Ökutæki með bráðabirgðaskráningarmerkjum eru háð sömu reglum, sem gilda um önnur ökutæki. Í skráningarskírteini, sem ávallt skal fylgja ökutæki með bráðabirgðaskráningarmerki, skal tilgreina notkunarsvið.

Fyrir notkun bráðabirgðaskráningarmerkis ber að greiða í ríkissjóð kr. 9 000 á ári og annast lögreglustjóri innheimtu gjaldsins. Lögreglustjóri getur leyft notkun bráðabirgðaskráningarmerkis í styttri tíma, og greiðir eigandi ökutækis þá fyrir notkun og ábyrgðartryggingu kr. 500 fyrir hvern dag eða hluta úr degi, er hann hefur bráðabirgðaskráningarmerki í sínum vörslum. Gjaldið greiðist fyrirfram miðað við áætlaðan notkunartíma.

22. gr.

Bifreiðaeftirlit ríkisins sér um gerð skráningarmerkja og merkja samkv. 17. og 18. gr. Skulu lögreglustjórar eða bifreiðaeftirlitsmenn, eftir ákvörðun og í umboði viðkomandi lögreglustjóra, afhenda skráningarmerki, enda greiði eigandi ökutækis fyrirfram gjald fyrir, eins og það er ákveðið hverju sinni af dómsmálaráðuneytinu.

23. gr.

Nú glatast skráningarmerki eða verður ónothæft, og skal það þegar tilkynnt lög-reglustjóra í því umdæmi, sem ökutækið er skráð í, en ef það er í öðru umdæmi, þá iafnframt lögreglunni þar.

24. gr.

Eiganda ökutækis ber að skila aftur, án endurgjalds, skráningarmerki við endurnýjun þess, eða ef ökutæki er afskráð. Nú verður annað ökutæki skráð innan eins mánaðar með sömu umdæmistölu á nafn þess, sem átti hið afskráða ökutæki, og skal hann fá sömu skráningarmerki án gjalds, ef þau eru nothæf.

25. gr.

Skráningarmerkjum skal komið fyrir og fest vel á áberandi stað, þar sem bifreiðaeftirlitsmaður tiltekur, og má eigi hylja þau. Nú hylur óskráður tengi- eða festivagn skráningarmerki dráttartækis og skal vagninn þá auðkenndur að aftan umdæmistölu dráttartækisins.

Skráningarmerki skulu ávallt vera vel læsileg. Skytt er að endurnýja skráningarmerki, ef það verður ógreinilegt, þannig að orkað geti tvímælis, hver umdæmistala ökutækisins er. Þegar nýtt skráningarmerki er afhent í stað annars, skal skila hinu gamla, nema það hafi glatast.

Óheimilt er að festa við skráningarmerki önnur merki en þau, sem fyrir er mælt í reglugerð þessari, sbr. 17. og 18. gr.

26. gr.

Merki, sem nota ber eða heimilað er að nota á ökutæki, má eigi nota með öðrum hætti en fyrir er mælt.

Óheimilt er að festa á ökutæki merki, áletranir eða önnur auðkenni, sem líkjast merkjum þeim, sem nota ber á ökutæki eða heimilað er að nota, þannig að hætta er á, að villst verði á þeim og heimiluðum merkjum.

27. gr.

Heimilt er lögreglustjóra að afskrá ökutæki án samþykkis eiganda, ef það er ónýtt að dómi bifreiðaeftirlitsmanns. Tilkynna skal nafnskráðum rétthöfum ökutækisins um afskráninguna með hæfilegum fyrirvara.

Nú vill eigandi ökutækis fá það afskráð, og skal þá því aðeins sinna þeirri beiðni, að telja megi ökutækið ónýtt.

28. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 72 24. júní 1937 um gerð og notkun bifreiða með breytingum nr. 112 12. ágúst 1949, 109 29. ágúst 1955, 124 9. apríl 1956 og 138 17. maí 1966, svo og 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 98 22. maí 1970 um skráningu og skoðun léttra bifhjóla o. fl.

Ákvæði stjórnarráðsbréfs nr. 363 28. nóvember 1973 heldur gildi sínu þar til annað verður ákveðið.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. febrúar 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.